

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis nr. 474/2013.

1. gr.

1. og 2. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Tímagjald	kr. 10.500
Gjald fyrir rannsókn á hverju sýni sbr. eftirlitsáætlun	kr. 14.100

2. gr.

Gjöld skv. viðauka gjaldskrárinnar hækka hlutfallslega í samræmi við ofangreinda breytingu.

Auglýsing þessi er samin með heimild í 8. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, með síðari breytingum, samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, sbr. lög nr. 59/1999 með síðari breytingum og samkvæmt X. kafla laga um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum. Gjaldskrárbreyting þessi var samþykkt í heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis þann 27. apríl 2015 og öðlast gildi við birtingu.

Mosfellsbæ, 28. apríl 2015.

Þorsteinn Narfason,
framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.